

## Rætur í nýju landi

Ég veit ekki almennilega hvað gerðist  
nema það að ég lifnaði allt í einu við.

Mér uxu hvítir vængir  
og í stað sorglegra hljóða  
kom úr barka mínum hinn fegursti söngur,  
hjartað barðist ekki lengur af ótta  
heldur sló í takt við lífið.

ég tárast af gleði  
því ég lifi!